

Portrett af Leilu Josefowicz

TÓNLEIKAR Í NORÐURLJÓSUM 12. JANÚAR KL. 18:00

Leila Josefowicz
einleikari

Matthias Pintscher
La linea evocativa: Teikning fyrir einleiksfíölu (2010)

Johann Sebastian Bach
Partíta fyrir einleiksfíölu nr. 2 í d-moll (1717-1720)
Allemanda
Corrente
Sarabanda
Gíga
Ciaccona

Að loknum tónlistarflutningi spjallar Halla Oddný Magnúsdóttir
stuttlega við Leilu í sal.

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur

Tónleikarnir eru teknir upp og sendir út síðar á Rás 1.



MIÐASALA Í HÖRPU OG Á SINFONIA.IS

12. JANÚAR
2024

HARPA
NORÐURLJÓS



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Grosvenor leikur Busoni

1. FEBRÚAR

Píanókonsernt Busonis er eitt stórbrotnasta verk sinnar tegundar. Því er einstaklega ánægjulegt að einn fremsti píanóleikari samtímans, hinn breski Benjamin Grosvenor, leiki verkið í Eldborg með Sinfóníuhljómsveit Íslands og karlakórnum Fóstbræðrum. Á undan þessum stærsta píanókonsernti sögunnar hljómar meistaraverk Prokofíevs, *Klassíska sínfónían*, sem endurómar fagurfræði 18. aldar og gefur hvergi eftir í hugmyndaauðgi og snilldarlegu handbragði.

Hljómsveitarstjóri Kornilios Michailidis



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Portrett af Leilu Josefowicz

FÖSTUDAGSRÖÐ



Leila Josefowicz

Leila Josefowicz í 2011

Óhætt er að segja að fiðluleikarinn Leila Josefowicz (f. 1977) hafi verið undrabarn. Hún er fædd í Kanada en ólst upp í Los Angeles í Bandaríkjunum og byrjaði að læra á fiðlu rúmlega þriggja ára gömul eftir aðferðafræði Suzuki-skólans. Hún var aðeins 13 ára þegar hún hóf nám við Curtis-Institute og var farin að spila með sinfóníuhljómsveitum víða um heim strax á táningsaldri, í Norður- og Suður-Ameríku og um alla Evrópu og Asíu.

Leila Josefowicz í 2011

Leila Josefowicz hefur um nokkurt skeið einbeitt sér að flutningi tónverka frá 20. og 21. öld, þar á meðal eru mörg af helstu verkum nútímans fyrir fiðlu. Hún hefur einnig tekið virkan þátt í sköpun nýrra verka, bæði með því að panta verk og með samstarfi við tónskáld úr ýmsum áttum. Hún hefur því frumflutt marga fiðlukonserta sem hafa verið samdir sérstaklega fyrir hana, t.d. eftir Colin Matthews, Luca Francesconi, John Adams og Esa-Pekka Salonen. Þá hefur hún unnið til ýmissa þekkra verðlauna, t.d. MacArthur Fellowship árið 2008 sem framúrskarandi vísinda- og listamönnum í ýmsum greinum hlotnast, og árið 2018 hlaut hún bandarísku Avery Fisher-verðlaunin sem stofnað var til árið 1974 og veitt eru einleikurum fyrir einstaka frammistöðu.

Leila Josefowicz í 2011

Leila Josefowicz er staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands á þessu starfsári. Reið hún á vaðið með eftirminnilegum flutningi á 2. fiðlukonserti Bartóks í nóvember síðastliðnum og í gær flutti hún ásamt hljómsveitinni fiðlukonsert eftir Helen Grime undir stjórn Daníels Bjarnasonar. Var það frumflutningur verksins hér á landi. Í kvöld stendur hún ein á sviðinu og leikur verk sem 250 ár skilja að.

LA LINEA EVOCATIVA: TEIKNING FYRIR EINLEIKSFIÐLU

Þýski hljómsveitarstjórinn og tónskáldið **Matthias Pintscher** hefur mörg undanfarin ár verið áberandi persónuleiki í tónlistarheiminum. Hann kvaddi nýlega Ensemble Intercontemporain-hljómsveitina í París eftir 10 ára farsælt starf sem tónlistarstjóri og frumflutning tuga tónverka með henni víða um lönd sem og hljóðritanir á framsæknum tónverkum. Hans bíður nú starf tónlistarstjóra Kansas City sinfóníunnar en á liðnu ári leiddi hann Sinfóníuhljómsveitina í Cincinnati. Sem gestastjórnandi endurtekur hann á nýbyrjuðu ári heimsóknir til fjölda hljómsveita austan hafs og vestan, þar á meðal sinfóníuhljómsveitirnar í Indianapolis, Lathi og Hljómsveit Scala óperunnar.

Matthias Pintscher í 2011

Pintscher hefur stjórnað mörgum óperusýningum, meðal annars Wagneróperunum *Lohengrin* og *Hollendingnum fljúgandi* í Ríkisóperu Berlínar og balletti Olgu Neuwirth *Orlando* í Vínaróperunni.

Matthias Pintscher í 2011

Sem tónskáld hefur hann látið mikið að sér kveða og eru verk hans flutt reglulega í tónleikasölum um víða veröld. Eftir hann liggja meðal annars þrjár óperur, sextán hljómsveitarverk, fjórtán einleiksverk með hljómsveit, þar með talinn fiðlukonsertinn *Assonanza* sem hann samdi fyrir Leilu Josefowicz og hún frumflutti með Cincinnati-hljómsveitinni fyrir rétt tæpu ári undir hans stjórn. Þá ber að nefna sex verk fyrir söngrodd og hljóðfærahópa, níttján kammerverk og sex einleiksverk. Hljómar eitt þeirra, *La linea evocativa: Teikning fyrir einleiksfíðlu* á þessum tónleikum.

PARTÍTA FYRIR EINLEIKSFIÐLU NR. 2

Johann Sebastian Bach (1685–1750) fæddist í bænum Eisenach í þýska héraðinu Thüringen hinn 21. mars 1685. Hann var kominn af af tónlistarmönnum í fjóra ættliði og forfeður hans nutu virðingar á heimslóðum; talið var að hver sá sem bæri nafnið Bach hlyti að vera gæddur óvenju miklum músikgáfum. Faðir hans, Johann Ambrosius, var bæjarspilari í Eisenach - þ.e. blés af svölum ráðhússins kvölds og morgna og var auk þess flinkur fiðluleikari. Tæplega tíu ára gamall missti hann báða foreldra sína og flutti til eldri bróður síns sem tryggði honum næstu árin góða almenna menntun og tónlistaruppeldi. Fimmtán ára gamall flutti hann til norðurhluta landsins og byrjaði að vinna fyrir sér - fyrst sem kórdrengur en síðar meðal annars sem fiðluleikari, kirkjuorganisti og hirðtónlistarstjóri. Á ferli sínum gegndi Bach fimm störfum í jafnmörgum bæjum.ýmist sem kirkjumúsikant eða hirðtónlistarmaður: í Arnstadt (1703–7), Mühlhausen (1707–8), Weimar (1708–17), Köthen (1717–23) og Leipzig (1723–50).

Johann Sebastian Bach í 1720

Eftir daga Bachs rötuðu verk hans um hríð í gleymsku en í upphafi 19. aldar vaknaði ápreifanlegur áhugi á tónskáldinu og verk hans urðu fáanleg á prenti. Fjöldamörg verk meistara Bachs höfðu þó lent í glatkistunni, þar á meðal mörg hljómsveitarverka hans. Brandenburgarkonsertarnir sex, hátt í tuttugu einleiks-

konsertar og hljómsveitarsvíturnar fjórar eru líklegast aðeins brot af því sem draup úr penna hins mikla snillings. Talið er að flest þessara verka hafi orðið til á árunum 1717–23 þegar Bach var í þjónustu prinsins af Anhalt-Köthen. Prinsinn var kalvínstrúar og lagði lítið sem ekkert upp úr upphafinni tónlist fyrir kirkjuathafnir. Því einbeitti Bach sér að veraldlegum tónsmíðum svo sem afmæliskantötum, kammertónlist og hljómsveitarverkum fyrir hinn tónelska húsbónda sinn.

Johann Sebastian Bach í 1720

En Bach var einnig iðinn við smíði einleiksverka í Köthen. Meðal þeirra helstu eru sex verk fyrir fiðlu - þrjár sönötur og þrjár partítur - og sex svítur fyrir selló. Þessar samstæður eru hvor um sig einhver stórkostlegasta strengjatónlist sem samin hefur verið og með fiðluverkunum fetaði Bach nær ótróðna slóð. Aðeins örfá tónskáld höfðu áður látið sér til hugar koma að semja fyrir fiðlu án fylgibassa enda er fjölröddun tæplega sá stíll tónlistar sem hentar fiðlunni best. Hljóðfæraleikarinn hefur aðeins fjóra strengi að vopni og fjóra fingur á fingrabrettinu en Bach tekst að laða fram ólíkar raddir í þéttum og líflægum samhljómi.

Johann Sebastian Bach í 1720

Hvað formið snertir eru fiðlusónötur Bachs í fjórum þáttum, þ.e. kirkjusónötur að fyrirmynd Corellis. Partíturnar hafa allt frá fimm upp í átta danskafla. Í þeim sækir sækir Bach ýmist í franskar eða ítalskar fyrirmyndir.

Johann Sebastian Bach í 1720

D-moll partítan inniheldur fjóra danskafla. Sá fyrsti er *Allemanda* og er í fjórskiptum takti þar sem tveir hlutar að líkri lengd eru endurteknir. Hér ræður gleði og bjartsýni ríkjum.

Johann Sebastian Bach í 1720

Næsti kafli, *Corrente*, er fjörugur dans í þrískiptum takti sem lýtur sömu lögmálum og sá fyrsti varðandi endurtekningar.

Johann Sebastian Bach í 1720

Þriðji kaflinn, *Sarabanda*, er í raun hægur spænskur dans í þrískiptum takti. Í þessu verki er hann einkar hægfara og alvarlegur með tilvitnun í lokapáttinn.

Johann Sebastian Bach í 1720

Hin áhyggjulausa og dansandi *Giga* er algjör andstaða undanfara síns og líður áfram frjáls eins og fuglinn.

Johann Sebastian Bach í 1720

Lokapáttur partítunnar nr. 2 í d-moll, *Ciaccona* er sá kröfuharðasti, alls 257 taktar og því lengri en allir fjórir undangengnir þættir verksins til samans. Kaflinn er tilbrigði um fjögurra takta hljómgrind sem byggð er á sívinsælum þrástefsbassa barokksins. Um þessa hljóma fléttar Bach síbreytilegan tónavef og fer langt út fyrir mörk þess sem áður hafði verið reynt í fiðluskrifum.

Johann Sebastian Bach í 1720

Handritið að fiðluverkum sínum skrifaði Bach árið 1720.

Johann Sebastian Bach í 1720

Sigurður Ingui Snorrason